



# CQ TF



## 4. tölublað 17. árgangur september 1999

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíóþróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1999-2000 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varaformaður:

Heimir S. Jónsson TF3TXT

Ritari:

Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

QSL Manager:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK

Varamaður:

Halldór Christensen TF3GC



TF3DX og XYL áttu leið norður fyrir heiðar í sumar og notaði Villi tækifærið og sagði ferðasögu sína frá ZL landi ásamt því að sýna myndir frá ferðalaginu. Frá vinstri: OY1G/TF Össur, TF3DX Villi, TF5BW Billi, TF5DZ Jón og TF5BG Bárður.

Myndina tók Guðrún

### Meðal efnis í þessu blaði:

<b>Frá formanni .....</b>	<b>2</b>
<b>Amatörnámskeið 1999 .....</b>	<b>3</b>
<b>Vitahelgin 21-22 ágúst 1999 .....</b>	<b>5</b>
<b>TF1SS á Úlfljótsvatni á landsmóti skáta .....</b>	<b>6</b>
<b>Fundur í NRAU 1999 .....</b>	<b>7</b>
<b>Hamfest Hvað er það? .....</b>	<b>11</b>
<b>Háhraðafjarskipti eftir rafm. og síma I ....</b>	<b>12</b>
<b>Ógnun við tíðnisviðið .....</b>	<b>14</b>
<b>TF útileikarnir 1999 .....</b>	<b>15</b>
<b>Úr ýmsum áttum .....</b>	<b>19</b>

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Próttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritsjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

## Frá formanni

Ágætu félagar

Núna þegar þetta er skrifað er sumri farið að halla og væntingar fyrir veturinn taka við.

Ég hef það á tilfinningunni að núna í sumar hafi IRA menn verið talsvert í loftinu meira en undanfarin sumur. Enda kannski tilefni til. Landsmót Skáta var haldið á Úlfljótsvatni og var aðstaða fyrir HF og VHF sendingar alveg frábærar og var mjög gaman að taka þátt í þessu. Næsta landsmót skáta verður sennilega fyrir norðan og þá væri gaman að fá tækifæri til þess að taka þátt.

Ég var með SSTV sendingar þarna á staðnum og notaðist við frekar frumstætt forrit sem heitir EZSSTV og fæst frítt á netinu. En þetta er ekki eina forritið sem er nothæft t.d. hefur TF3FK notað WIN98SSTV en það er byggt upp fyrir tölvuhljóðkort enn sem komið er hefur Friðrik aðeins tekið á móti myndum og hafa þær flestar verið góðar. Einni tók hann á móti á VHF á gervihnetti. Sæmileg en ekki meira en það.

Radíóklúbbur Suðurnesja fór til Vestmannaeyja og tók þar þátt í IOTA keppni og notaði þar kallmerkið TF7RX og gekk mjög vel og að sögn Gulla TF8GX náðust hátt á annað þúsund sambönd.

Ég kom á Djúpavog í sumar og hitti þar fyrir gamla vini mína en þeir eru eigendur að Papey sem er þar fyrir utan. Ég falaðist eftir afnotum að eyjunni næsta sumar til þess að nota í "IOTA contest" var það auðsótt mál og núna vantar aðeins þátttakendur en svona ferð tekur a.m.k. viku fyrir utan undirbúning. Þarna er góð aðstaða því að auk húsnæðis er þarna hægt að fá rafmagn

fyrir okkur. Gæti orðið mjög spennandi ferð ekki aðeins fyrir keppnina heldur hitt að þara er mjög fallett og fjörugt fuglalíf.

Fulltrúi IRA fór fund NARU í Noregi nú í ágúst. Hann kom með þau skilaboð að næsti fundur verður á Íslandi eftir þrjú ár. Ef við viljum og treystum okkur til að halda þann fund. Kostnaður


IRA í slíkum fundi er mjög lítill og ætti því ekki að vera okkur ofviða. En þetta er mál sem verður að taka mjög fljótlega á dagsskrá og ákveða hvað verður, en svo sannanlega vona ég að við getum tekið þetta að okkur.

Annað sem Kristján kom

með sér heim frá Noregi var að áhugi er fyrir því að norræna refaveiðin verði hér á landi næsta sumar en það væri stórkostlegt tækifæri fyrir okkur hér í TF- að sjá stóra hópa af erlendum amatörum og einnig auglýsing fyrir amatörradíó, ef rétt er haldið á spöðunum.

Fyrir hönd stjórnar IRA vil ég þakka öllum þeim sem þátt tóku í námskeiðum IRA fyrr á þessu ári ásamt þeim sem fyrir þeim stóðu og einnig vil ég óska nýjum leyfishöfum til hamingju með árangurinn

73 de TF3HP



# Amatör námskeið 1999

Hér fer á eftir skýrsla sem afhent var P&F í lok ágústmánaðar. Við hana hef ég í sjálfu sér ekki miklu að bæta nema kannski upptalningu á nýju amatörunum:

Anna Henriksdóttir lauk tækniprófi og nýliðamorsi TF3VBT og -N

Halldór Heiðar Sigurðsson lauk tækniprófi  
Haukur Þór Lúðvíksson lauk tækniprófi og nýliðamorsi

Hrafnkell Eiríksson lauk tækniprófi og A-leyfismorsi TF3HR

Jóhannes Andri Kjartansson lauk tækniprófi

Jóna Guðrún Ívarsdóttir lauk nýliðaprófi

Ólafur B Ólafsson lauk tækniprófi TF3MLT

Sigurður Ingólfsson lauk tækniprófi og nýliðamorsi TF3SXT og -N

Valtýr Einarsson lauk tækniprófi og nýliðamorsi TF3VGT

Vignir Örn Sigþórsson lauk tækniprófi

Vala Dröfn Hauksdóttir lauk A-prófs morsi TF3VD (fölnað T)

Rúnar Þór Valdimarsson lauk nýliðamorsi TF3RJN (var og er T)

Þeir sem ekki eru með kallmerki á þessum lista eiga eftir að ganga frá sínu leyfisbréfi.

Við óskum þessu nýju og gömlu amatörum til hamingju með sinn árangur og hvetjum nýliða og tæknileyfishafa til að halda áfram alla leið í A-próf sem fyrst, helst á þessari öld eða eins og einhver sagði þessari hundöld.

**Skýrsla til Póst- og fjarskiptastofnunar um námskeið fyrir radióamatöra sem haldið var á vegum félags íslenskra radióamatöra, ÍRA síðastliðinn vetur.**

## Inngangur

Námskeið fyrir verðandi radióamatöra var haldið á vegum ÍRA síðastliðin vetur. Námskeiðið var tvískipt, morsenámskeið og námskeið í amatörfraeðum. Kennsla fór fram í húsi Háskólans við Hjarðarhaga á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum og stóð í tvo til þrjá tíma í hvert skipti. Hver kennslutími byrjaði með hálf tíma til klukkutíma

morsekennslu. Á eftir morsekennslunni var farið í fræðin. Námskeiðið hófst þann 16. febrúar og stóð til prófdags 8. maí. Fræðilega prófið var haldið 8. maí en morsepróf, nýliðapróf og A-próf voru haldin fyrir nemendur þegar talið var að þeir hefðu náð þeirri leikni í morsinu sem þurfti til að standast prófið. Í maí og júní skipulagði síðan félagið nokkur smíðakvöld þar sem þeir nemendur sem vildu, komu í félagsheimilið (eða í nokkur skipti í kennslustofu Háskólans) og smíðuðu lítinn nýliðasendi. Um það hafði verið samið fyrirfram við P&S að sendirinn yrði samþykktur sem verkefni til smíðaprófs ásamt því að geta verið hluti af þeirri stöð sem amatörinn þarf að setja í gang til að öðlast leyfið. Þeir nemendur sem vildu gátu eftir sem áður smíðað hefðbundinn tóngjafa og afhent beint til P&S án milligöngu félagsins.

Kennsluefnið var í samræmi við gildandi reglur um amatörleyfi frá 1981 með síðari breytingum en væntanlega eru á leiðinni nýjar reglur með nýjum áherslum eins og er að gerast annarstaðar í heiminum og er þá ekki mikið mál að aðlaga efnið að þeim breytingum. Aðalkennarar á námskeiðinu voru Axel Sölvason sem sá um morsekennsluna og Jón Þ Jónsson sem skipulagði fræðilegu kennsluna en að henni komu margir, amatörar og aðrir. Allt þetta vinnuframlag var sjálfboðaliðastarf.

Við settum okkur það markmið í upphafi að koma námsefninu jafnóðum á netið en það gekk ekki alveg eftir því erfiðara reyndist að fá sjálfboðaliða til þeirra verka en við héldum í upphafi. En í vetur er markmiðið að ná saman kennsluefni fyrir amatöra á íslensku á netinu og erum við þegar komnir í samband við erlend félög sem eru að vinna að því sama og munum við að miklu leyti þýða það efni sem þeir búa til.

Fjöldi þeirra sem upphaflega skráði sig á námskeiðið og sýndi því áhuga var um 30 þar af tæpur tugur í Vestmannaeyjum. Ljóst er því að áhugi er nokkuð mikill á radióamatörleyfi en reynslan sýnir að of margir gefast upp á miðri leið. Árangur af þessu námskeiði er eitthvað um tíu nýir amatörar, endanleg tala er ekki alveg þekkt í dag.

Með þessari skýrslu fylgja þeir sendar sem þegar

eru tilbúnir en búast má við að einn eða tveir berist til viðbótar þegar nemendur hafa lokið við þá.

### Markmið

Markmið ÍRA með námskeiðahaldi hafa ávalt verið skýr:

- að fjölga amatörum
- að efla þekkingu og færni radíóamatöra
- að tryggja að amatörar kunni að fara höndum um radíósenda
- að hvetja amatöra til ýmiskonar tilrauna og nýsköpunar
- að efla félagsandann og stuðla að samvinnu amatöra sín í milli og við aðra

### **En hvaða lærdóm má draga af þessu námskeiði og öðrum sem haldin hafa verið gegnum árin?**

Ljóst er að nýir amatörar í einhverjum mæli verða ekki til nema í gegnum námskeið og félagsstarf en líka er augljóst að fjölgunin er of hæg. Það er mat margra að vinna verði hörðum höndum að því að fjölga amatörum á næstunni ef þetta áhugamál á að lifa af þær breytingar sem eru að verða í heiminum um þessar mundir. Fjöldi amatöra á Íslandi frá upphafi eða með öðrum orðum á þessari öld sem nú er að renna sitt skeið á enda er ekki nema um fjórðungur úr þúsundi eða um 250 manns. Þar af eru virkir kannski um 30 amatörar í dag og varla það. Þetta eru líklega tíu sinnum færri amatörar en ættu og þyrftu að vera hér á landi til að þetta áhugasvið geti haldið lífi í samkeppni við önnur áhugamál sem standa til boða í dag. ÍRA þarf að setja sér það markmið að fjölga amatörum á Íslandi um að minnsta kosti 25-30 á hverju ári. Þetta er ekki hægt nema með breyttum hugsanagangi þeirra sem eru amatörar í dag. Eina stóra byltingu þarf að gera, sameina þarf amatöráhugamálið og netflakk. Netflakkarar eru amatörar nútímans og nýju aldarinnar. Og eins og gamla máltækið segir: Ef þú getur ekki unnið þá, gakkstu til liðs við þá. En fleiri breytingar þarf að gera sem íhaldssamari hluti amatöra er ekki sáttur við.

Töluvert er rætt um framtíð morse sem samskiptamáls þessa dagana. Margir amatörar eru á þeirri skoðun að þó búið sé að leggja niður morse í almennum radíófjarskiptum þá eigi amatörar að

halda fast í morse sem samskiptahátt. Þannig halda amatörar sinni sérstöðu og betri rökum fyrir rétti til amatörtíðnisviðanna. Eitt er þó verðugt umhugsunarefni en það er hraðakrafan til að ná prófi. Velta má fyrir sér hvort ef til vill væri réttara að minnka kröfurnar verulega fyrir próf en leggja meiri áherslu á að amatörar fari í loftið á morse og ýta undir að þeir nái upp leikni og meiri hraða með tímanum án þess að hafa prófvöndinn yfir sér. Þetta mætti gera með keppnum og verðugum verð-launum. En sú skoðun er líka nokkuð sterk innan raða amatöra að leggja eigi morsið niður sem hluta af amatörprófinu. Þetta er eitt af stóru málunum sem verða til umræðu hjá alþjóðasamtökum amatöra, IARU á stórum fundi þeirra í Noregi nú í september. Hitt er svo annað að stjórnvaldið þarf ekki að fara að vilja samtaka amatöra og miklar líkur eru á því að þau almennt leggi niður morsið sem hluta af prófi til amatörleyfis. Annar þáttur sem huga verður vel að er fræðilegi þátturinn. Það getur ekki verið rétt aðferð að vera með hátæknilega kennslu og prófspurningar fyrir áhugamannapróf. Réttara hlýtur að vera að leggja meiri áherslu á þann hluta sem lýtur að meðferð senditækja, sérstaklega aflmikilla senda og rétta hegðum og virðingu fyrir reglum um notkun sendi/viðtækja.

### **Framhaldið**

Félagið hefur í hyggju að standa fyrir nýju námskeiði í vetur og þá að fenginni reynslu frá því síðastliðinn vetur lagfæra ýmislegt sem betur mátti fara. Námsefnið verður svipað og verið hefur undanfarna áratugi en auðvelt er að gera á því þær breytingar sem P&F og prófnefnd ÍRA koma sér saman um að gera nú í komandi viðræðum og lengi hefur verið beðið eftir.

Ætlunin er að námskeiðin verði til á netinu jafnóðum þannig að þeir sem ekki eiga aðgengi að kvöldtímunum í Reykjavík geti samt tekið fullan þátt og komið í próf í lok námskeiðanna. Hér er fjallað um námskeið í fleirtölu því hugmyndin er að vera samtímis með:

- A) fræðilegt námskeið
- B) morsenámskeið og
- C) smíðanámskeið.

## Vitahelgin 21 - 22 ágúst 1999

Eftir að hafa tekið þátt í vitahelginni í lok ágúst 1998, og haft mikið gaman af, vorum við ákveðnir nokkrir að vera með þetta árið. Vitahelgin eða “Lighthouse Activity Weekend” er ekki keppni, heldur er þetta hugsað sem gaman sem menn geta fléttað jafnvel inní s.k. “field day”. Því er ekki takmarkið að ná sem flestum stöðvum, heldur frekar að menn geti haft samband við aðra amatöra sem eyða þessari helgi í vitum

viðs vegar um heiminn. Eftir því sem ég kemst næst voru stöðvar í eða við um 200 vita þetta árið.

Þess má geta fyrir þá sem ekki vita þá er Knarrarósviti, rétt fyrir austan Stokkseyri, í landi Baugsstaða þar sem landspekkt er rjómabúið gamla. Svo skemmtilega vill

til að u.þ.b. viku eftir að við vorum þarna, voru liðin 60 ár frá því að ljós var kveikt á vitanum. Við höfðum verið þarna árið áður á sama stað og verið ljónheppnir

m e ð  
veður,  
þó að  
skilyrðin  
þá hafi  
e k k i  
v e r i ð  
upp á  
þ a ð  
besta.  
Þ a ð  
skiptið  
höfðum  
við verið  
m e ð  
“sjakk-  
inn” uppí  
v i t a -  
húsinu

TF3GB, TF3RJT, Anna, TF3GB OG TF3 HP. Myndimar tók TF3AOT



sjálfu, en höfðum fyrirfram ákveðið að breyta þessu núna.

Þar sem menn vissu að skilyrðin höfðu verið heldur slök vikuna áður en helgin gekk í garð, voru menn ekkert að flýta sér austur og var ákveðið að fara úr bænum um 10 leytid á laugardagsmorgninum. Þegar undirritaður lagði af stað á áætluðum tíma (enda hefur hann borið kallmerkið TF3 Always-On-Time), frétti hann af því að TF3GC væri kominn austur og biði eftir öðrum, slíkur var áhuginn. Þegar ég kom austur var þar fyrir einnig TF3VET. Við hófumst þegar handa við að koma upp línunum til að geta dregið upp langa-víra, koma fyrir framlengingarsnúrum úr vitanum úti húsbílinn hans Halldórs, GC, svo og setja upp “vertical” aftan á bílinn hans GC, sem síðar varð eitt aðal-loftnetið um helgina. Uppúr hádeginu mættu svo á svæðið TF3MLT, TF3FK, TF3HP og TF3GB. Síðar um daginn kom TF3RJT ásamt XYL. Bjarni, kom með “dípól” fyrir 80 og 40 metrana, með sér sem hann hafði nýlega útbúið og var hann settur upp sem “sloper” frá toppi vitans og niður. Hafði ég haft

Framhald á bls 18



## TF1SS á Úlfljótsvatni Landsmót skáta

Dagana 13 til 20 júlí 1999 var haldið Landsmót skáta á Úlfljótsvatni. Þangað mætti vaskur hópur Radíóskáta og hélt úti vandaðri dagskrá ásamt því að reka fjarskiptastöð mótsins.

Fjarskiptastöð mótsins var tvískipt, annarsvegar erlend fjarskipti og hinsvegar fjarskipti innan mótssvæðis. Alls náðust um 900 sambönd í erlendu fjarskiptunum á mótinu og er það tæplega tvöföldun frá síðasta móti. Starfsmenn mótsins voru síðan að nota sér kosti fjarskiptanna á VHF bandinu og er óhætt að segja að þar hafi mörg sporin sparast hjá fólki. Milli 15 og 20 talstöðvar voru í stöðugri notkun allt mótið og voru menn hæst ánægðir með þægindin sem af þessu sköpuðust. Notuð var einkarás Radíóskáta ásamt rásum björgunarsveita enda voru slíkar sveitir við störf á mótinu.



Svo var bara að pakka saman dótinu að móti loknu og þar á meðal var einu húsi raðað saman að nýju og skilað til eigenda með kærri þökk fyrir ómetanlegan stuðning.

Eins og áður sagði héldu Radíóskátar úti dagskrárpóst sem óhætt er að segja að hafi slegið í gegn. Krakkarnir sem komu í dagskrá til Radíóskáta fengu að kynna talstöðva- viðskiptum, spreyta sig í refaveiði, skoða loftneti-frumskóginn og síðast en ekki síst fengu þau að smíða sér rafeindagrip sem vakti mikla lukku. Um var að ræða lítið barmmerki með átta ljósadíóðum sem raðað er í hring. Tvær díóður loga hverju sinni og rúllar ljósið hringinn eins og

vindmilla. Þetta vakti mikla lukku og komust færri að en vildu.

Margir amatörar lögðu leið sína á Úlfljótsvatn í lengri eða skemmri tíma og aðstoðuðu í shacknum eða við það sem aðstoða þurfti við hverju sinni. Það gekk því oft mikið á í shacknum, sérstaklega þegar 50 MHz opnuðust og allir T-leyfishafarnir hrúguðust inn til að notfæra sér opnunina. Ríflega 100 sambönd náðust á því bandi og voru menn virkilega ánægðir með það. Það var mikið reynt að ná sambandi við Mir í gervihnattaviðskiptunum en ekkert gekk.

Þrír breskir Radíóskátar og radíóamatörar voru með Radíóskátum á mótinu. Um var að ræða hjón ásamt 18 ára dóttur þeirra. Þeim fannst virkilega gaman að vera með okkur á mótinu, sjá hvað við værum að gera og geta upplýst okkur um

hvað þau væru að gera. Raunar voru það þau sem komu vind-myllunni á framfæri við okkur og aðstoðuðu við að útvega efni í þær. Kallmerki Gaskell fjölskyldunnar eru G0REL (Richard), G0RJX (Elizabeth) og G0RKG (Rowena) og ef einhverjir ná sam-bandi við þau einhvern tímann þá biðja Radíóskátar að heilsa!

Þetta landsmót var mjög fjölskylduvænt

hjá Radíóskátum og amatörum sem mættu á svæðið í lengri eða skemmri tíma. Allir mættu með fjölskyldur og börn, þ.e.a.s. þeir sem mögulega gátu það. Og sumir gengu meira að segja svo langt að fá lánuð börn! Það var því mjög létt yfir öllu hjá okkur í fjölskylduvinnubúðum Radíóskáta.

Radíóskátar vilja þakka þeim fjölmörgu amatörum sem lögðu leið sína austur í lengri eða skemmri tíma fyrir aðstoðina og/eða heim-sóknina. Margar hendur vinna létt verk, það sannaðist þarna.

## Fundur í NRAU 1999

Fundur var haldinn í NRAU, samtökum norræna radióamatörfélaga (Nordisk Radio Amatör Union) í Hurdalssenteret við Hurdalsvatn í Noregi dagana 20.-22. ágúst 1999. Stóru norrænu amatörfélögin fjögur hafa hingað til skipst á formennsku og að halda NRAU fund í sínu landi á 3ja ára fresti. Fundurinn hefur ætíð verið haldinn um mánuði fyrir IARU Region 1 ráðstefnur, sem einnig eru á 3ja ára fresti. Þetta árið sér norska félagið NRRL einnig um að halda IARU Region 1 ráðstefnuna, en hún verður haldin í Ólympíubænum Lillehammer dagana 19.-25. september 1999.

Eitt megin viðfangsefni NRAU fundanna er að ræða og samræma eftir föngum stefnu og viðhorf nærrænu félaganna til tillagna og umræðna á komandi ráðstefnu. Jafnframt er tækifærið notað til að reifa hver þau samnorræn amatörmál önnur, sem uppi kunna að vera hverju sinni. Fer þar ætíð nokkuð fyrir samnorrænum virknimálum hverskonar, þ.e. HF – VHF – ARDF – SAC og NRAU keppnismál, en einnig eru rædd almenn amatörmál og skipst á skoðunum og upplýsingum um rekstur félaganna, samskipti við yfirvöld, reglugerðar- og prófamál o.þ.h.

NRAU hefur ekki verið mjög sýnilegt hinum almenna amatör gegnum tíðina, enda fer félagsstarfsemi fyrst og fremst fram í viðkomandi landsfélögum og klúbbum þeirra, en NRAU er einskonar regnhlíf með enga yfirbyggingu og takmarkaða starfsemi í eigin nafni, en rétt er um að auka megi sýnileikann.

Að morgni laugardagsins 21. ágúst 1999 setti Ole Garpestad, LA2RR, formaður NRAU og IARU/NRAU tengill norska félagsins fundinn. Byrjað var á að kynna starfsemi hvers félags um sig, en síðan voru rædd sameiginleg NRAU málefni. Um hádegi var þátttakendum skipt upp í þrjá vinnuhópa: HF – VHF, en skrifstofustjórar hinna fjóru stóru félaga ræddu í sérstökum hópi skrifstofu- og rekstrarmál félaganna. Skömmu fyrir hádegi á sunnudag var sameiginlegur lokafundur, þar sem niðurstöður vinnuhópanna voru kynntar og fundi var slitið upp úr hádegi. Finnar tóku við formennsku næstu 3 árin, eins og lög NRAU gera ráð fyrir, en samþykkt var að halda næsta fund NRAU á Íslandi að þremur árum liðnum.

Sinn er síður í landi hverju og amatörmál með ýmsu móti, þótt reynt sé að samræma hluti. Misjafnt hvaða umgjörð yfirvöld skapa starfseminni og óhætt að segja að ýmsir straumar séu uppi í þeim efnunum, jafnframt sem félögin haga sínum málum með mismunandi hætti. Hér er ekki rúm til að segja frá öllu, en stiklað á stóru í því sem fram kom í kynningu félaganna í upphafi fundarins.

### SSA, Sveriges Sändareamatörer

[www.svessa.se](http://www.svessa.se)

Formaður sænska félagsins, Gunnar Kvarnefalk,



SMØSMK, skýrði frá endurskipulagningu og manna-breytingum. Þeir hafa nú 14 manna stjórn í stað 17. Þá hafa þeir nýlega ráðið nýjan skrifstofustjóra, Eric Lund, SMØJSM, sem býr í norður Stokkhólmi. SSA kaus að flytja skrifstofur sínar í nágrenni við hann, og eru þær nú staðsettar miðja vegu milli Arlanda flugvallar og Stokkhólms. Samband er gott við PTS. Í Svíþjóð geta einstakir amatörar nú sótt um að fá að halda próf, skv. nánari reglum þar um, en engir spurningabankar eru í notkun skv. SMØSMK (en SM5RN taldi þó slíkan vera til), sem

þýðir að próf geta verið misþung. SSA vonast til að í næstu viku eða mánuði verði félaginu falið að taka við umsjón amatörprófa í

Svíþjóð og frá sama tíma gefa út amatörleyfi. Þá vonast þeir fljótlega eftir leyfi til að nota kallmerki með eins stafs viðskeyti, til notkunar í keppnum og aðeins í keppnum. Nýjar einfaldaðar reglur tóku gildi



nýlega. Aflið er 1 kW og morsehraði 25 stafir á mínútu. Þeir fá fljótlega viðbót við 160m bandið, 1900-2000 kHz með 10W afli.

Hann sagði menn vera mjög uggandi út af háhraða gagna-samskiptum á óskermuðum raf-línunum, en verið er að gera tilraunir með það í Svíþjóð. Einnig sagði hann farið að taka í notkun riðabreyta fyrir loftræstmótora, sem trufla



ógurlega, m.a. vegna lélegra uppsetninga án notkunar á skermuðum köplum. Styrkur truflananna er S9 + 60 dB í 500 metra fjarlægð.

Hann skýrði frá vandkvæðum vegna þess að sænsk lög viðurkenna ekki lengur reglur ITU og CEPT, og reglugerðir vísa ekki lengur í þær, sem leiddi til undarlegs ástands á ýmsum sviðum innanlands, en strax og komi væri út fyrir landsteinana fengju ITU og CEPT reglur hinsvegar vægi.

Hjá SSA hefur sérstakt átak í ár skilað 450 nýjum félögum. Í félaginu eru 4269 einstaklingar, 187 klúbbar, auk nokkurra annarskonar félaga og einstaklinga, eins og 88 herklúbba, 140 fjölskyldu-félaga, 35 heiðursfélaga o.fl. Alls eru 6098 einstaklingar og félög, sem fá QTC sent í hverjum mánuði.

### ÍRA, Íslenskir radióamatörar

[www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.htm](http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.htm)

IARU/NRAU tengill ÍRA, Kristján Benediktsson, TF3KB sagði að það hefði löngum verið sér undrunarefni, að félagatala ÍRA hefði allar götur frá því það var stofnað árið 1946 verið á bilinu 100-150. Það væri eins og félagatalan væri undir

einhverjum krítískum massa, sem nauðsynlegur væri, til að náttúrulegur vöxtur ætti sér stað. Eða væri það



e.t.v. vegna gamla lög-málsins um að summa lastanna sé konstant? Þrátt fyrir góð tilhlaup á köflum við að kynna félagið, halda námskeið og auka fjölda ama-töra fylgdu stundum

lægðir í kjölfarið og lítill vöxtur, þegar upp væri staðið.

Hann sagði ÍRA frábrugðið stóru norrænu félögunum að því leyti, að ÍRA væri allt í senn: landsfélag, lókal klúbbar og umsagnaraðili um leyfismál og önnur amatörmál skv. reglugerð. Þessi verkefni dreifðust á fleiri aðila í stærri félögum, en í fámennu félagi eins og ÍRA, sem byggðist mikið á vinnuframlagi einstakra manna, gætu þessi verkefni rekist á og stundum væri erfitt að tryggja samfellu einstakra þátta, sem e.t.v. gætu lagst af um tíma, meðan önnur verkefni ættu hug manna allan. Menn skyldu heldur ekki halda að endilega væri léttara að stýra litlu félagi en stóru. Því fámennari sem hópur væri, þeim mun meira líktist hann hjónabandi og það væri ekki alltaf auðvelt í meðförum.

Síðustu ár, sagði TF3KB, að ágætur stöðugleiki hefði náðst í stjórn ÍRA, sem hefði fært ýmislegt til betri vegar. Námskeiðahald og klúbbstarfsemi væri með líflegu móti, t.d. nýleg morsenámskeið með 35 þátttakendum, góð samskipti við P&F, t.d. að því er varðar próf, reglur og leyfisveitingar og félagsblaðið kæmi reglulega út, bæði á pappírs og PDF formi. Helmingur félaga fær CQ TF félagsblaðið í tölvupósti, sem mikið hagræði er að. Það er nokkur sem stóru norrænu félögin ættu að skoða, sparnað, sem af því kynni að leiða. Vísbendingar um bætt ástand væru á hverju strái og því horfðu menn bjartsýnir fram á veginn.

### SRAL, Suomen Radioamatööriliitto r.y.

[www.sral.fi](http://www.sral.fi)

Formaður finnska félagsins, SRAL, Jari-Pekka Savojoki, OH1CF, sagði fjölda félaga um 5070, félagsgjaldið ISK 3.250,- (250 FIM) og blaðið Radioamatööri kemur út reglulega í um 5800





eintökum. Félagið á fyrirtæki, SRAT Oy, sem selur amatörtæki, bækur og ýmislegt fleira. Félagið eru með nýjan skrifstofustjóra, Ilkka Sysila, OH7TI og auk hans starfa þrír starfskraftar á skrifstofunni, einn þeirra heldur utan um fyrirtækisreksturinn. Finnsla félagið heldur 3 stóra fundi á ári, haust, vetur og að sumri til í s u m a r b ú ð u m .

Finnar fengu nýja reglugerð fyrir tveimur árum og fengu tvö ný tíðni svið: 3,4 MHz og 135 kHz og herra afl en áður, á HF 1kW í stað 600W og á VHF 150W í stað 50W á CW og 600W í stað 200W á SSB. Skv. finnsku reglunum er heimilt að hafa starfrækjanda (operator) númer tvö. Hver sem er getur komið utan af götunni og fengið að starfrækja stöðina undir umsjón leyfishafa. Til nýlundu má telja, að finnar geta nú keypt kallmerki. Upp með budduna, ef þig eða klúbbinn langar í kallmerki með tveggja stafa eða eins stafs viðskeyti. Kallmerkjanúmerin

byggja ekki lengur á landfræði og var sú breyting gerð í andstöðu við félagið, sem vildi nota gamla kerfið, því þeir byggðu QSL-þjónustu sína á því. Undantekningin er Álandseyjar, sem halda OHØ.

Hjá finnum eru fjórir leyfisflokkar; "General, Technical, Basic og Telecommunication." Prófkörfur eru byggðar þannig upp, að kjarnann K þurfa allir að taka, en í honum er m.a. samskiptatækni og reglugerðir. Síðan geta menn tekið tæknipróf T1 eða T2 og fá þá "Technical" eða "Telecommunication" leyfi. Ef menn síðan bæta við sig CW1 eða CW2 prófi fá menn annaðhvort "Basic," eða "General" leyfi. Stór breyting við árpúsundaskiptin er að PTT hefur ákveðið að taka upp tafarlaust (non-stop) prófakerfi. Hingað til hefur verið prófað 4 sinnum á ári, en því verður breytt, þannig að lítinn eða engan fyrirvara þarf til að fara í próf á um 50 stöðum í landinu.

### FRA, Foröyskir Radioamatorar

IARU/NRAU tengill færeyska félagsins, FRA, Arne



Arnskov, OY1A, er lög-fræðingur og þekkir vel til þeirrar hliðar mála, stjórnarfars og ástands í Færeyjum almennt. Hann segir að fyrir um 10 árum hafi e f n a h a g s s a m - dráttur orðið í

Færeyjum og um 10% flutt burt, svo sem til Noregs, Danmerkur og einhverjir til Íslands. Þar á meðal voru nokkrir af virkustu amatörunum. Á skrá eru tæplega 100 leyfishafar, en helmingur þeirra hefur varla komið í loftið, þeir hafa leyfi, en nota það ekki. Hinn helmingurinn er nokkurn veginn félagið. Um 10-20 eru í loftinu frá einum tíma til annars.

Erfitt er að fá menn í stjórn. Það hefur ekki verið haldinn aðalfundur í 1-2 ár, þar sem fáir vilja gefa kost á sér. Fyrir utan formanninn er einn annar, sem gerir eitthvað, en hann er að reyna að losna, því hann getur ekki gert allt. Félagsblaðið hefur ekki komið út sl. 2 ár. E.t.v væri ráð að gera eins og ÍRA, að senda það í tölvupósti. Ágæt klúbbstöð var

í félaginu fyrir 10 árum, en henni hefur hrakað, því viðhald hefur verið í lágmarki.

Yfirgangstími er nú í reglugerðarmálum. Opinberlega er í gildi gömul dönsk reglugerð, en verið í endurskoðun, en ný hefur ekki verið opinberlega samþykkt. Arne segist sjálfur hafa gott samband við þann sem hefur með reglugerðarmál að gera, en nú verður hann færður undir nýjan yfirmann, og ekki víst hvað það hefur í för með sér.

### EDR, Experimenterende Danske Radioamatører

[www.edr.dk](http://www.edr.dk)

Varaformaður EDR, Niels Krogh Hansen,



OZ1IKW, skýrði frá því að í EDR væru um 3600 félagar, af um 8000 leyfishöfum í landinu, en um 4200 blöð af OZ eru send út. Skipulagið er þannig að EDR á toppnum, en undir því um 70 klúbbar, sumir smáir, með um 15 féлага eða svo og ekki mjög aktívir, sumir stærri, með fleiri hundruð féлага. Félögum fækkar um 100 á ári nettó.



Vandamál, sem þeir hafa glímt við, er að aðild að klúbbi leiðir ekki sjálfkrafa til aðildar að EDR. Gróft reiknað er helmingur leyfishafa í EDR og gróft reiknað er annar helmingur félagar í

lókál klúbbum, en ekki allir þeirra í landsfélaginu. Að hans mati eru of fáir nýir félagar ungt fólk. Margir nýir félagar eru að komast á eftirlaunaaldur og meðalaldur er 55 ár í EDR, sem er allt of hátt að

hans dómi.

Þeir eru að reyna að gera EDR stöðugra og fastara fyrir, en hann er ekki viss um hvernig það tekst. Ef sérhver sem væri félagi í klúbbi væri sjálfkrafa í EDR, “þá værum við í góðum málum.” Klúbbarnir hafa sínar eigin reglur, og við reyndum nokkrum árum að búa til fínt félag á pappírnum, en þegar það var kynnt fyrir klúbbunum, bar það of brátt að. Menn spurðu, hvað getum við gert með þetta. Nú erum við byrjaðir aftur, en á annan hátt, meðal fulltrúanna úti í klúbbunum og reyna að láta það koma þaðan.

Fyrir allmörgum árum keypti EDR eigið hús í miðborginni, átti hluta úr gömlu húsi, en síðan var keypt nýtt hús í útjaðri borgarinnar, það var stórt en ódýrt, en ekki vel haldið við, og mikið viðhald þurfti að gera, en nú hafa þeir þetta hús fyrir u.þ.b. sama verð og húsið í miðborginni.

Samkomulag við yfirvöld er gott, “við hlustum hvorir á aðra, stundum með árangri, stundum ekki. Við höfum reynt að koma á nýrri leyfistegund, það er hugsað fyrir fólk með litla þjálfun, og aðeins fyrir verksmiðjuframleidd tæki, bara FM og lítið afl, 2m eða 70cm annaðhvort eða bæði. EDR lagði til að þetta fólk ætti ekki að taka neitt tæknipróf, heldur aðeins starfrækslupróf auk kunnáttu í loftnetum og truflunum. Þeim til undrunar sögðu yfirvöld að þeir mundu hugsa vel um þetta. Á næsta fundi í október bíða menn spennir eftir viðbrögðum.

Yfirvöld komu að máli við okkur og sögðu: “við höfum verið að hugsa” (hlátur) “hvað ef klúbbar önnuðust próf, sendu okkur og við gæfum út leyfi?” “Ég datt næstum af stólnum, þegar ég heyrði þetta,” sagði OZ1IKW, því þetta var alveg nýtt, frá þeim. Við sögðum: “góð hugmynd, en hvernig getum við látið það virka?” Þeir sögðu að gera mætti það á þann hátt að koma upp stórum spurningabanka (1500 spurningum), þeir mundu búa til próf og senda til klúbbsins, þegar þyrfti. EDR mætti alveg leggja til spurningar ef þeir vildu. “Á þessari stundu vitum við ekki hvernig þetta gengur.”

OH1CF skaut hér inn í að í Finnlandi byggðist “non-stop” kerfið á spurningabanka í tölvu. Aðspurður sagði hann að umsjónarmenn prófa í nýja kerfinu væru amatörar, útnefndir af yfirvöldum. OH2BU bætti við, að finnar hefðu nú þegar 1300 spurninga-

Framhald á bls. 16

## Hamfest. Hvað er það??

Sælir félagar!

Eitt er það fyrirbrigði Amatörradíó sem ekki er til á Íslandi en það er svo kölluð "Hamfest". Samkunda af þessu tagi er algeng hér vestan hafs og er hægt að sjá þær auglýstar í td. QST tímariti ARRL og á internetinu. En hvað er Hamfest? Orðið er samsett úr Hamradio og Festival ie. Hamfest. Þetta er samkoma þar sem Radíó Amatörar koma saman til að sýna sig sjá aðra skiptast á upplýsingum og kaupa og selja ýmislegt sem tilheyrir áhugamálinu. Tilgangurinn er að hafa gaman að öllu saman ásamt því að víkka sjóndeildar hringinn og auka veg og vanda Amatörradíó.

Undirritaður hefur undanfarin ár sótt "Hamfest" sem haldin er í Montana nánar til tekið í Waterton sem er í þjóðgarðinum Glacier-Waterton Park og er náttúrufegurð þar með ólíkindum og er þess virði að heimsækja staðinn þó ekki sé nema til þess eins að njóta náttúrunnar. "Glacier-Waterton International Peace Park Hamfest" eins og samkoman heitir fullu nafni er haldin á risa stóru tjaldstæði sem heitir Three Forks Campground og er með sanni hægt að segja að þetta sé besta helgin ársins hjá þeim enda eru ekki færri en 1500 til 2000 Radíó Amatörar á svæðinu. Allt er fullt af tjald vögnum og risa stórum hjólhýsum og s v o k ö l l u ð u m "Motorhome" sem eru heimili á hjólum með átta gata vél og öllum hugsanlegum þægindum. Áberandi er skógur af loftnetum af öllum tegundum bæði heima tilbúnum og keyptum enda margir sem eru í loftinu af og til alla helgina. Ekki er hægt að segja að staðurinn sé tilvalinn til fjarskipta umlukinn háum fjöllum á alla vega en mesta furða hvað hægt er að gera ef viljinn er fyrir hendi.

Hátíðin, eins og hægt er að kalla þetta, byrjar á fimmtudeginum en margir koma snemma og eru alla vikuna og koma ár eftir ár, er þetta orðið hluti af

tilverunni hjá fjölskyldunni. Dagskráin nokkuð hefðbundin enda er þetta 65 árið í röð sem þessi hátíð er haldin, fyrstu árin var hátíðin haldin til skiptis Kanada og Bandaríkja megin. Á seinni árum hafði fjöldi Amatöra sem sækir hátíðina aukist svo mikið að ekki var lengur hægt að halda þetta Kanada megin. Mikið er um að vera og eru sölu tjöld þar sem umboðsmenn ýmissa framleiðanda bjóða það nýjasta. Alls kyns dót er til sölu á risa flóa markaði og er hægt að finna margt nýtilegt fyrir þá sem t.d. stunda heima smíð, kennir margra grasa oft sjást menn tvöfaldir með hausinn ofan í pappakössum og öðrum hirslum. Undirritaður stóð og var að virða fyrir sér mikið safn af ýmsu dóti og fannst með ólíkindum að einn maður gæti sankað að sér svo miklu safni þegar sá sem var að selja dótið sagði mér í óspurðum að þetta væri að hluta til úr dánarbúi hljóðnaðs lykils auk þess sem hann var að selja og var af nógu að taka.

Mikið er um allskonar erindi og fyrirlestra, sótti ég fyrirlestur um Amsat og beint þaðan í Morse keppni af því taginu þar sem sent er með því að nota vinstri fót, QLF eins og það er kallað og næsta ár verður notað gamalt traktor sæti og þá sent með rassinum, það ætti að vera athyglisvert. Næst er sent með handlykli og síðast er að taka á mót CW sem er sent hraðar hvert sinn og fór hraðinn upp í 45 orð/mín, undirritaður var

þá dottinn út úr keppninni. Beint frá Morsinu var hlaupið í næsta tjald þar sem QRP fundur var kominn á fullt og var gaman að rekast á amatöra sem ég hafði hitt á netinu og í loftinu mörgu sinnum, verð ég að segja að QRP liðið er dálítið sér á parti svo ekki sé dýpra í árinna tekið. Menn sýndu það sem þeir hafa verið að smíða og voru jafnvel með hálfu og heilu HF stöðvarnar í vasanum eins og ekkert væri sjálfsagðara. Verð ég að segja að "réttur" andi Radíó

Framhald á bls. 17



## Háhraða fjaraskipti eftir rafmagns- og símalínum Áhyggjuefni fyrir radióamatöra?

Til er regla sem nefnd er Moores regla og segir að á u.þ.b. 18 mánaða fresti tvöfaldast afkastageta (hraði og stærð) stafrænna rafeindakubba eins og t.d. örgjörva. Það er merkilegt að þessi regla er enn í fullu gildi og hefur gilt í 34 ár. Þetta leiðir til þess að framfarir í getu tæknibúnaðar sem notar slík tól eru geysilega miklar fyrir okkur sem erum að upplifa þær þegar þetta langt er liðið á þróunarferilinn. Framfarirnar hafa m.a. komið fram í því að nú er hægt að búa til kerfi sem hrinda í framkvæmd hug-myndum sem aðeins voru fræðileg “útópía” fyrir nokkrum árum, eins og t.d. að nota síma- eða rafmagnslínur til háhraða fjar-skipta. Þegar radióamatörar heyra af slíkum kerfum er fyrsta spurning sem vaknar hjá þeim hvort ekki sé hætt á að öll þessi hátíðnimerki leki út og heyrast sem QRN í viðtækjunum þeirra.

### ADSL (Asymmetric Digital Subscriber Line)

Dæmi um þetta er að nú er hægt að nota símalínu (snúna koparþræði) til háhraða fjaraskipta, þ.e. um hana má senda nokkra Megabita á sekúndu. Tæknin nefnist ADSL og byggist á flókinni mótunar- og kóðunartækni sem aðeins er hægt að búa til með öflugum merkjareiknum (signal processors). Mótunartæknin nefnist DMT (Discrete Multi-tone) og byggist á því að kljúfa tíðnibandið upp í mörg lítil tíðnibönd sem bera hluta upplýsinganna hvert.


Hæsta tíðnibandið í ADSL er 1 MHz. Símalínur eru frá upphafi hannaðar til fjaraskipta, reyndar til að bera hljóðtíðnir upp í 4 kHz. en þær eru oftast sæmilega “balanseraðar” og einsleitar og geisla því litlu afli út. Langar símalínur hafa geysilega mikla deyfingu á háum tíðnum og því þýðir ekki að reyna að nýta hærri tíðnir en 1 MHz fyrir ADSL. Þetta leiðir til þess að lítil hætta er á truflunum frá ADSL kerfum inn á amatöratíðnir.

Dæmigerð ADSL uppsetning er sýnd á mynd 1. ADSL merkin eru mótuð á símalínuna og sett á hærri tíðniband en talbandið. Þegar heim til notandans er komið eru merkin aðskilin, gagnamerkin fara inn á ADSL mótald en símamerkið inn á símtæki

heimilisins. Notandinn þarf því aðeins eina símalínu fyrir tal og háhraða gögn.


### Fjaraskipti um raflínur (PLT = Power Line Telecommunications)

PLT felst í því að nota raforkudreifikerfið (230/400 V) til fjaraskipta. Í spennistöðvum er settur upp búnaður sem gerir kleift að tengja u.þ.b. 200 notendur inn á fjaraskiptakerfi og skipta þeir með



Mynd 1. ADSL uppsetning.

sér um 1 Mb/s bitahraða, mynd 2. Raforku-dreifikerfið er ólíkt símakerfinu að því leyti að línurnar eru mjög stuttar, aðeins nokkur hundruð metrar en á lágum tíðnum eru geysilegar truflanir á kerfinu frá ýmsum búnaði heima hjá fólki t.d. “dimmerum”. Þegar nota á raforkudreifikerfið til háhraða fjaraskipta er því betra að nota hærri tíðnir, deyfingin er miklu minni en á símalínunum en truflanir á lágum tíðnum miklu meiri. PLT notar því tíðnir upp í 20-30 MHz. Raforkudreifikerfið er ekki sett upp til neins konar fjaraskipta og því hefur ekki verið hugað að að því að hafa línurnar “balanseraðar” sem leiðir til þess að nokkur hætta er á útgeislun PLT merkjanna. Þá er að sjálfsögðu



Mynd 2. PLT uppsetning

líka hætta á því að raflínurnar taki við merkjum frá sendum amatöra og þá höfum við ekki bara TVI og stereó-græju-I heldur líka CI (Computer Interference). Af þessum sökum hefur RSGB þungar áhyggjur af uppsetningu PLT kerfa í Bretlandi og hefur mótmælt henni harðlega. Nú hafa talsmenn Orkuveitu Reykjavíkur tilkynnt að þeir muni hefja tilraun með PLT hér á landi innan skamms. Radíóamatörar þurfa því að fylgjast vel með. Vonandi reynast þær áhyggjur sem hér er lýst ástæðulausar.

73 de TF3UA

### Ógnun við tíðnisviðið frh.

Stefnt er að því að gera Bretlandseyjar að tilraunasvæði fyrir PLT. Fyrirtækið sem stendur á bakvið það á í erfiðleikum með að takmarka óæskilega útgeislun. Ef ekki verður leyft að nota kerfið þar munu þeir fara til annarra landa, sem ekki halda eins vöku sinni. "Manchester – England – England, across the Atlantic sea." Þar voru gerðar mælingar á PLT tilraunneti, sem notaði tíðnisviðið 1-10 MHz. RSGB komst að þeirri niðurstöðu að styrkur útgeislunar sé algerlega óásættanlegur, ef fjarskipti á stuttbylgju eigi að vera valkostur í framtíðinni. RSGB segir truflandi sviðsstyrk hafa mælst 57 dB (yfir 1 uV/m) í 9 kHz bandbreidd. CEPT/ERC vinnuhópur segist hafa mælt 66 dB (yfir 1 uV/m) hámark, einnig í 9 kHz bandbreidd í 10 metra fjarlægð frá útgeislandi lögnum. Mælingarnar eru erfiðleikum bundnar, því uppsprettan er ekki einn punktur, heldur dreift svið, sem er út um allar raflagnir í viðkomandi mannvirkjum. Til samanburðar er náttúrulegt suð úti í sveit 0 til -20 dB (yfir 1 uV/m) en 0 til +10 dB (yfir 1 uV/m) í borgum, á bilinu 2-20 MHz í 2,7 kHz bandbreidd. Þetta er sama tæknin og að skíta í skó nágrannans. Það eru til aðrar lausnir, tæknilega fullkomnari og miklu afkastameiri, með miklu meiri framtíð fyrir sér, algerlega lausar við þessa annmarka, eins og t.d. kapalkerfi, ljósleiðari eða örbylgja.

Niðurstaða RSGB er að PLT sé stærsta ógnun við tíðnisviðið, sem upp hefur komið í mörg ár. Ef varðveita eigi stuttbylgju til fjarskipta þurfi að beita yfirvöld miklum þrýstingi til að þessi tækni verði ekki leyfð. RSGB leggur til að amatörfélög taki þetta til skoðunar og viðurkenni þá miklu ógn sem í þessu

felst. Ennfremur að þau, gegnum sambönd sín við fjarskiptastofnanir, fylgist vel með áformum um að taka í notkun PLT eða áþekka tækni í sínu landi og félögin ættu að íhuga að stofna til samvinnu við aðra notendur tíðnisviðsins um málið. Fyllsta ástæða er til að taka undir þetta.

Í Ólafs sögu helga í Heimskringlu Snorra Sturlusonar er sagt frá því er Ólafur konungur sendi Þórarinn Nefjólsson til Íslands til að falast eftir ey eða útskeri er liggur fyrir Eyjafirði og menn kalla Grímsey. Sýndist sitt hverjum og mörgum fannst að vel kæmi til greina að fórna að því er virtust svo lítilvægir hagsmunir fyrir meiri. Var Einar Þveræingur þá spurður og lauk hann máli sínu með þessum orðum: "En um Grímsey er það að ræða ef þaðan er enginn hlutur fluttur sá er til matfanga er, þá má þar fæða her manns. Og ef þar er útlendur her og fari þeir með langskipum þaðan, þá ætla ég mörgum kotbóndanum muni þykja verða þröngt fyrir dyrum." Og er Einar hafði þetta mælt þá var öll alþýða snúin með einu samþykki að þetta skyldi ekki fást.

Fyrir hvert einasta útsker tíðnisviðsins, sem fórnað verður í dag, verða gerð stór plön um mörg megarið til að leggja undir sig á morgun. Ætla má að þá þyki mörgum amatörum þröngt fyrir dyrum. Réttum þeim ekki litla fingurinn. ÍRA ætti að skrifa bréf til allra velunnara og notenda tíðnisviðsins og fá þá til að segja með okkur einum rómi:

**“VÉR MÓTMÆLUM ALLIR.”**

73 de TF3KB

Heimildir:

RSGB, "High Speed Data Transmission on Unscreened Cables – EMC and the Threat to the Radio Spectrum," tillaga og greinargerð lögð fyrir ráðstefnu IARU, Region 1 í Lillehammer, Noregi, 19.-25. september 1999.

Radio Communications, EMC, bls. 76-77, desember 1998, sjá [www.rsgb.org.uk](http://www.rsgb.org.uk)

CEPT/ERC, "Progress Report on the Power Line Telecommunications (PLT)," BMC 534, Working Group Spectrum Engineering, Menton, 3.-7. Maí 1999.

Einnig: [www.adsl.com](http://www.adsl.com), [www.tutsys.com](http://www.tutsys.com), [www.HomePNA.org](http://www.HomePNA.org) [www.intellon.com](http://www.intellon.com)

## Ógnun við tíðnisviðið

### Háhraða gagnasendingar á óskermuðum köplum út um borg og bý.

Án tíðnisviðs, ekkert radió! Þetta vita radióamatörar um heim allan og hafa því alltaf barist fyrir sínum tíðnum, sínum tilvistargrundvelli. Rökin eru sú samfélagsþjónusta, sem radióamatörar inna af hendi og viðurkennd er af til þess bærum aðilum eins og alþjóða fjarskiptasambandinu ITU. Tíðnisviðið er einstök alþjóðleg auðlind, eitt sinnar tegundar, og ekki minni ástæða til að vernda það fyrir mengun og sóðaskap heldur en ýmis önnur náttúrufyrirbæri. Þær eru ófáar atlögunar sem gerðar hafa verið á tíðnisvið radióamatöra, stöðug innrás leyfisleysingja og stöðug ásókn í tíðnisvið radióamatöra á vettvangi ITU, sem gerir að radióamatörar þurfa stöðugt að vera á verði. Ótrúlegt en satt, þá hefur radióama-törum vel tekist upp á verðinum og frekar aukið hlut sinn á seinni árum en hitt. Baráttunni er þó aldrei lokið og aldrei má sofna á verðinum. Nú er komin upp ógnun við tíðnisviðið úr nýrri átt: Háhraða gagnasendingar á óskermuðum köplum út um borg og bý.

RSGB, breskra amatörfélagið er í fararbroddi þeirra sem vara við þessari ógn. RSGB hefur lagt varnaðarorð og tillögu um þetta mál fyrir ráðstefnu IARU, Region 1, sem haldin verður í þessum mánuði. Mörg alþjóðleg fyrirtæki eru að þróa billegar háhraða lausnir til gagnasendinga um óskermaðar síma- og raflínur án þess að taka tillit til þeirrar ógnunar sem útbreidd notkun þess mun hafa í för með sér fyrir notendur tíðnisviðsins. Þar nefna þeir aðferðir eins og xDSL, sem fjöldamörg fyrirtæki eru að þróa, en það stendur fyrir “x-Digital Subscriber Line” gagnasendingar eftir símalínu: ADSL(Assymetric DSL), sem notar tíðnir upp í 1,1 MHz og VDSL(Very High Speed DSL) sem notar tíðnir upp í rúmlega 10 MHz) og PLT(Power Line Telecommunications), sendingar eftir raflínunum, sem í upphafi hafa haft miðjutiðnirnar 2,9 MHz og 5,1 MHz með 1 MHz bandbreidd (+/- 500 kHz), sem m.a. fyrirtækin Nortel(Northern Telecom) og Norweb Communications hafa þróað.

Auk þessa eru ýmis önnur kerfi í þróun eins og t.d. “ADSL Lite” eða “síulaust ADSL,” þar sem engin sía (splitter) er notuð í heimahúsum fólks, með þeim afleiðingum að hátíðni (RF) fer út um allar símalagnir,

en er ekki bundin við símainntakið og inn að síu. Þá má nefna kerfi til samtengingar heimilistölva innanhúss (Home Network) eftir raflínunum. Eitt slíkt kerfi, sem fyrirtækið Tut Systems hefur þróað sendir gögn með 1 Mbit/s hraða eftir símalínunum innanhúss og notar tíðnisviðið 5,5-9,5 MHz. Þeir nota ekki síu(splitter), sem þýðir “RF út um allt.” Annað kerfi hefur verið þróað af Intellon Corporation og notar raflínur og tíðnir yfir 2 MHz til sendinga á hraðanum 10 Mbit/s. Microsoft hefur fengið leyfi til að nota það kerfi.

Það er ljóst að sótt er inn á tíðnisviðið á mörgum vígstöðvum. Menn gætu sagt, þetta eða hitt er nú allt í lagi, því það er undir eða yfir þessari eða hinni tíðninni, eða ekki á amatörtíðni. Málið er í þessu samhengi, að “engin tíðni er meitluð í stein,” ekkert tíðnisvið er þessum mönnum heilagt. Það sem sagt er í dag er bara brot af því sem verið er að skoða bak við tjöldin og er úrelt á morgun. Menn segja kannski ADSL í dag og allt sé í lagi (hvers á reyndar lang- og miðbylgjan að gjalda?), en segja menn þá ekki VDSL á morgun? Verið er t.d. að skoða tíðnir upp í 8 MHz eða hugsanlega 10 MHz fyrir PLT. Fyrirtækin setja upp Potemkin tjöld á internetinu, dásama lausnir sínar, en upplýsingar um óæskilega tæknilega eiginleika eins og tíðnisvið og útgeislun er ekki þeim í hag og því haldið leyndum meðan stætt er.

Minnka má truflanir með vandaðri hönnun, vönduðum frágangi, o.þ.h. en billegar lausnir í samkeppnisumhverfi kalla á billega útfærslu, sem þýðir verri fréttir fyrir tíðnisviðið. Reglur um óæskilega útgeislun (EMC) hafa hingað til verið mótaðar m.t.t. einstakra tækja, en hafa ekki verið nægilega mótaðar fyrir það dreifða fyrirbæri sem hér um ræðir og eru því enn sem komið er illa í stakk búnar sem leiðbeinandi vernd. Við þekkjum það vaxandi vandamál, að allskonar skark og óhljóð berast á stuttbylgju milli landa frá óvönduðum tækjum. Við vitum að lítill sendir með einni CMOS rás í eldspýtustokk hefur heyrst í Ástralíu og nær ágætri runu sambanda við Evrópu í góðum skilyrðum. Enginn veit hvert heildartruflunarviðið yrði hér á landi í góðum skilyrðum, ef öll Evrópa væri PLT-vædd.

## TF útileikarnir 1999

Segja má að á þessu heimili hafi þátttakan í útileikunum verið mjög góð eða 100 %. Höfðum við hjónin aðsetur í sæluhúsi okkar í Lunner. Það var blíðskapar veður og vorum við að mestu utandyra nema þegar við sváfum eða sátum við radió tækin! Fyrsta sambandið var við OZ1KGP klukkan 06.13 UTC á laugardags morgun. Að venju þurfti að prófa einhver ný loftnet í útileikunum og varð "lúppa" fyrir valinu. Hæð og lögun hennar réðist mest af aðstæðum en heildar lengd vírsins var um það bil 80 m. Gekk vel að koma loftnetinu upp. Við notuðum langa álstöng til að lyfta vírnum upp í trén og brotnaði hún bara einu sinni og OM er að ná sér í öxlinni eftir átökin. Alltaf er það jafn óskiljanlegt hvernig einiberjarunnar geta náð svona góðu taki í loftnets víra og haldið þeim föstum þegar síst skildi. Miklar vonir voru bundnar við þetta loftnet fyrir sambönd við Ísland. Á sunnudags kvöld var það svo prófað. Margar TF stöðvar á 80 m en því miður reyndist loftnetið miklu lélegra en dípóllinn sem hefur nærri því núll í átt til Íslands. Furðulegt, en það verður bara að prófa eitthvað annað næsta ár. Það urðu mörg sambönd þetta sunnudags kvöld eða aðfaranótt mánudags eftir okkar klukku sem er tveim tímum á undan UTC. Síðasta sambandið var kl 23.05 UTC á 160 m við TF3DX/6 sem þá var staddur í Lóni. Frídagur verslunarmanna er óþekkt fyrirbrigði hér í Skandinavíu en sem betur fór höfðum við ákveðið að taka frí í tilefni útileikanna. TF3KM gaf okkur svo lokasambönd leikanna í hádeginu á mánudag. Það má skjóta því hér inni að laugardaginn eftir var Villi (TF3DX) á leið til Parísar, en kom við í sæluhúsinu í Lunner og afhenti okkur QSL kort fyrir samböndin í útileikunum og geri aðrir betur! Þegar heim var komið fórum við að glugga í gamlar radiódagbækur og gerðum smá yfirlit yfir svæða skiptingu og þátttöku í útileikum.

	1997	1998	1999
TF1	1	1	1
TF2		2	2
TF3	5	3	5
TF6			1
TF8	1	2	
Ísl. erlendis	3	4	3
Samtals	10	12	12

Vel getur verið að einhverja þátttakendur vanti í þetta yfirlit og í ár sá TF3DX um að bæði TF1 og TF6 kæmust á blað þannig að hans þáttaka er tvítalin. Ekkert heyrðist frá TF8 í ár og eru þeir þó ný búnir að stofna eigin klúbb og hefði það verið verðugt verkefni fyrir nýju klúbbstöðina að taka þátt í útileikum. Hvað með TF5 ? Eru þeir of fullorðnir til að bregða á leik ?

Í reglunum fyrir útileikana segir "Tilgangur útileikanna er að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innanlands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatörradíós." Nú er svo komið að flestar stöðvar eru færanlegar og síðustu árin virðast allir þátttakendur hafa þak yfir höfuðið eða vera í bíl og nota 200 W inngangsafll. Einnig hefur heyrst að fá dagbókar afrit komi til ÍRA og er flóknum reglum kennt um. Ef til vill mætti athuga þessi mál við tækifæri en æskilegt er að varðveita anda útileikann. Þeim anda er vel lýst í gömlu CQ TF fréttabréfi en þar segir meðal annars "Eins og sjá má af reglum leikanna eru þeir ekki stíf keppni .... heldur eru þeir hugsaðir þannig að menn hafi með sér tæki í útileguna, sumarbústaðinn, bílinn eða á útihátíðina og hafi nokkur hugguleg sambönd. Þeir sem kjósa að sitja heima geta einnig farið í loftið og tekið þátt í leikunum."

Að lokum viljum við þakka fyrir að Íslendingar erlendis fá að vera með í leiknum og einnig þökkum við öll samböndin og vonumst til að heyra í ennþá fleirum næsta ár.

LB0B (ex TF5GHN) Guðrún  
LA0BX (TF5SJ) Sigfús

**Að venju  
minnir gjaldkeri  
á félagsgjöldin**

### Fundur í NRAU 1999 frh.

banka á sænsku, hvort þeir ættu ekki að láta EDR hafa þær, til að láta sín yfirvöld hafa (hlátur).

Í Danmörku hafa 2 próf verið sameinuð á einu blaði sl. 4 ár. EDR hafði nokkrar áhyggjur í upphafi hvernig það mundi virka. OZ1IKW sagðist hafa fylgst náið með því, þar sem hann er að kenna verðandi radióamatörum. Hann segir það virka mun betur en þeir héldu að það mundi gera. Af 30 spurningar eru 16 fyrir minna prófið, en hinar fyrir það meira. Menn þurfa ekki að ákveða fyrirfram hvort þeir ætla í minna eða meira prófið.

### NRRL, Norsk Radio Relæ Liga

[home.sn.no/~nrll](http://home.sn.no/~nrll)

Formaður NRRL, Tom Victor Segalstad, LA4LN,



kynnti starfsemi norska félagsins. Hann sagði um 3000 félaga í NRRL af um 5000 leyfishöfum. Óróleiki var í félaginu fyrir nokkrum árum, en tekist hefði að vinna sig frá honum.



Hann sagði frá sérstöku átaki til að efla og endurlífga félagið, sem gengur út á að auka hagkvæmni, taka upp gæðastýringu, auka virkni, gera félagið sýnilegra, gera samfélaginu gagn, varðveita amatörböndin, halda góðu sambandi við yfirvöld og fjölga félagsmönnum. Ama-



törradíó sagði hann ætti að snúast um að auka þekkingu, veita innblástur, gera samfélaginu gagn og fyrir alla muni vera skemmtilegt. Hlutverk NRRL ætti að vera að gera þetta mögulegt. NRRL, sem landsamtök eru regnhlífin fyrir þessa starfsemi í Noregi, en um 80 aðildarfélag (lókall grúppur eða klúbbar) talsins eru dreifð víðsvegar um landið. Starfsemi félagsmanna frá degi til

dags er í þessum klúbbum. LA4LN gaf yfirlit yfir þróun í leyfisveitingum síðustu 10 árin í Noregi, nýliðun og brottföll, og niðurstaðan væri, að leyfishöfum fækkaði með hverju árinu.

Árgjaldið sagði hann ekki hafa fylgt kostnaðarþróuninni allmörg ár, en nú hefði fengist samþykki félagsmanna til að hækka árgjaldið til samræmis við það sem það áður var, miðað við vísitölu. Árgjaldið var hækkað í ISK 4.180,- (NOK 450) og hálf gald fyrir þá sem eru yngri en 20 ára til að stuðla að nýliðun. Þeir hafa nýlega gefið félagsblaðinu nýtt andlit, forsíðu í lit, og hefði það tekist án viðbótarkostnaðar. Samband við yfirvöld sagði hann gott.

Noregur er víðáttumikið og margbreytilegt land með mikil fjöll, langa strandlengju og mikið óbyggt land, sem allt er mikil ögrun við fjarskipti, að sjálfsögðu fyrir amátöra, en jafnframt samfélagið allt. Hafin er samvinna við aðila eins og hjálparsveitir, rauða krossinn, leitarhundasveitir, fjallahjálparsveitir, hellakönnuði, en þessar sveitir þurfa fjarskipta við og hafa litið til NRRL með þau. Stofnað hefur verið til samvinnu undir nafninu "Frivillige Organisasjoners Redningsfaglige Forum – FORF" og hefur það opnað dyr til stjórnvalda, inn í dómsmálaráðuneytið og peningahirslurnar.



Neyðarfjarskiptin eru skipulögð þannig að notuð eru sérstök kallmerki og amatörar gegna sérstöku hlutverki. Þeir fá peninga til að kaupa tækjabúnað hverskonar, sendiviðtæki, loftnet, möstur, vararafstöðvar og skipuleggja þessi neyðarfjarskipti, sem þjónustu við samfélagið, þegar farið er inn í nýtt árþúsund. LA4LN sagðist hafa tekið eftir að ritstjórnargrein í nýjasta OZ hefði sett spurningamerki við þetta og reyni að gera grín að norðmönnum fyrir. Hann sagðist spyrja þá móti, hvað myndi ritstjóri OZ segja, ef honum byðist hlutdeild í ISK 42 milljóna króna framlagi (NOK 4,5 milljónir), sem norska dómsmálaráðuneytið veitti til þessa verkefnis fyrir árið 1999. Mundi hann segja já, eða nei? Norskir amatörar hafa ákveðið að segja já, sagði hann. Norskir amatörar segja: Já, þetta viljum við gera. Já, ef samfélagið fer fram á það, þá viljum við deila reynslu okkar með öðrum og fá e.t.v. í staðinn, eflingu félagsins og aukinn fjölda félaga. Þetta er það sem við erum að vinna að núna, sagði LA4LN að lokum.

73 de TF3KB

Eftirfarandi sóttu NRAU fundinn:

Frá finnska félaginu SRAL:

OH1CF, Jari-Pekka Savojoki, formaður SRAL,  
OH2BU, Jari Jussila, IARU/NRAU tengiliður og  
aðalritstjóri finnska amatörblaðsins,  
OH1HS, Hannu Saila, keppnisstjóri,  
OH6DD, Jukka Sirvio, aðstoðar VHF-málastjóri  
og vitamálastjóri,  
OH7TI, Ilkka Sysila, skrifstofustjóri SRAL.

Frá danska félaginu EDR:

OZ1IKW, Niels Krogh Hansen, varaformaður,  
OZ5DX, Hans O. Pyndt, HF-málastjóri,  
OZ7IS, Ivan Stauning, VHF-málastjóri

Frá sænska félaginu SSA:

SMØSMK, Gunnar Kvarnefalk, formaður,  
SMØJSM, Eric Lund, skrifstofustjóri,  
SM5RN, Derek Gough, VHF-málastjóri,  
SM5KUX, Sigge Skarsfjell, HF-málastjóri,  
SM6KAT, Solveig Nordberg-Jansson,  
varaformaður.

Frá færeyska félaginu FRA:

OY1A, Arne Arnskov, IARU/NRAU tengiliður.

Frá ÍRA:

TF3KB, Kristján Benediktsson, IARU/NRAU  
tengiliður.

Frá norska félaginu, NRRL:

LA4LN, Tom Victor Segalstad, formaður,  
LA2RR, Ole Garpestad, formaður NRAU og  
IARU/NRAU tengiliður,  
Anne-Lise Gaardsø, framkvæmda- og  
skrifstofustjóri,  
LA9NT, Anders Torp, ritari fundarins,  
LA4XGA, Geir Strömsholm, VHF-málastjóri

### Hamfest. Hvað er það?? frh.

Amatöra lifir góðu lífi og dafnar vel hjá QRP  
sinnum.

Á hátíðinni var oft dregið um verðlaun og var td.  
dregið um Icom IC-706MKII ásamt mörgu öðru sem  
eigulegt er. Haldin var mikil grillveisla (BBQ eins  
og heimamenn kalla það) á laugadagskvöldinu og  
síðan heljarmikill morgunverður á sunnudags  
morguninn. Hátíðinni líkur venjulega með miklu  
uppboði þar sem oft er hægt að gera góð kaup og  
er venja að það síðasta sem er boðið upp er gömul  
bjórflaska frá því fyrir síðasta stríð og hlýtur sá  
heppni þann heiður að varðveita gripinn í eitt ár,  
ágóðinn rennur síðan óskiptur til hátíðarinnar og er  
það til góðs.

Á sunnudeginum fara menn að hugsa til heimferðar  
enda margir langt að komnir sumir þriggja daga  
akstur og á leiðinni heim hugsað til helgarinnar sem  
var að líða og vinanna sem menn hafa hitt og  
vináttubönd sem treyst hafa verið, nýir vinir og  
hugsað með tilhlökkun til þess að eyða helgi í góðum  
hópi í fögru umhverfi að ári liðnu. Margir hittast  
reglulega í loftinu og halda góðu sambandi, verður  
undirritaður að segja að alltaf er eins og maður hafi  
verið á ættarmóti en ekki á "Hamfest" með vel á  
annað þúsund manns sem ekki eru einu sinni  
fjarskildir en samt sem áður erum við allir hluti af  
stórri alheims fjölskyldu Radíó Amatöra.

Fyrir þá sem hafa áhuga er bent á net slóðina <http://www.tlatech.com/hamfest/>

73 frá vestur Kanada

de Níels  
VE6NJK/TF3NJ e-mail: VE6NJK@rac.ca

### Amatörnámsskeið 1999 frh.

Námsskeiðin koma til með að ná yfir þriggja mánaða tímabil með upphaf 21. október og í janúar eða í lok febrúar. Kennslan fellur niður í desember og prófin verða haldin áður en vetrarútivist hefst fyrir alvöru.

Námsskeiðahaldið verður á fimmtudagskvöldum í félagsheimili ÍRA í Þróttheimum og jafnvel þriðjudagskvöldum líka en þá líklega vestur í Háskóla.

### Spurningar til P&F

Væri hægt væri að ákveða prófdag í lok janúar eða febrúar 2000 núna í septembermánuði áður en væntanlegt námsskeið hefst?

Er í lagi að halda áfram á þessari braut með smíðapáttinn þannig að nemendur smíði lítið sendi/viðtæki undir umsjón reyndra amatöra og leggi það síðan fram á prófdegi og geti þannig farið í loftið strax og þeir hafa náð prófi?

Er þá hægt að hafa próffyrirkomulag þannig að niðurstaða um árangur fáiast samdægurs?

Kveðja, JÞJ

### Eftirmáli

Stjórn félagsins ætlar núna í september að leggja þessar spurningar og fleiri slíkar ásamt tillögum um nýjar prófkröfur til P&F.

Þá mætti til dæmis kanna hvort ekki væri grundvöllur til að opna eina tíðni, á hverju HF-bandu fyrir T-leyfishafa og jafnvel allt tíu metra bandið og um leið fella úr gildi þá bábilju að T-leyfishafar megi ekki nota CW, ómótað morse. Mér finnst tími til kominn að T-menn og konur fái leyfi til að nota eina tíðni, plús/mínus 3kHz, að minnsta kosti í 80 metra bandinu. Og að heimildin nái til morse og SSB. Ég er ekki í nokkrum vafa að þetta mundi efla félagið verulega vegna mikilvægi þess að geta haft samband vítt og breitt um landið án þess að fara gegnum endurvarpa.

**Ég hef þá skoðun einnig að draga eigi verulega**

**úr kröfum til morsehraða og fræðilegri kunnáttu til amatörprófs. En í staðinn leggja meira uppúr tækjasmíði og meðferð og stillingu sendi- og viðtækja. Einnig tel ég að leggja eigi meiri áherslu á samskiptareglur amatöra og þjálfun í QSO-um fyrir prófið.**

73 de TF3JA

### Vitahelgin 21 - 22 ágúst 1999 frh.

samband við Bjarna frá Hnífsdal helgina áður og var hann með áberandi sterkasta merkið úr bænum þarna vestur. Halli hafði með sér "skókassann" sinn og var hann notaður mest allan tímann á ca. 400-500W. Mikið "pile-up" myndaðist svo til strax og við fórum í loftið og voru skilyrðin ótrúlega góð miðað við það sem verið hafði dagana áður. Við höfðum t.a.m. nokkur sambönd til Kóreu, Japans og víðar í Asíu. Sá háttur var hafður á að undirritaður, HP og GB skiptu með sér að vera í loftinu og var skipt á ca. 25 sambanda fresti. 20 metranir voru opnir langt fram á kvöld, en síðar fórum við á 40 metrana á dípólnum hans Bjarna og vorum við að fá góð merki víða frá. Nokkur innanlands sambönd voru þá höfð á 80 metrunum um kl. 2300. Vegna vinnu sinnar fór GB í bæinn um miðnættið, en þeir sem eftir voru, þ.e.a.s AO, HP og GC voru að til kl. 0100. Menntu voru sprækir um morguninn og vaknaðir kl. 0730, þrátt fyrir að við færum ekki í loftið fyrir en um níu leytið. Og ennþá var sama "pile-upið", þó að heldur hafi skilyrðin verið lélegri frá kl. 1300 til 1500, en við hættum um kl. 1600, nokkuð þreyttir, en ánægðir með árangurinn enda komin tæplega 600 sambönd í "logginn". Á sunnudeginum fengum við eftirtalda gesti: TF3AS, TF3VS + TF3VBT og syni.

Þrátt fyrir leiðinlegt veður svo til alla helgina, var þetta í alla staði mjög gaman. Við fengum margar þakkir í loftinu fyrir þátttökuna, meira að segja þegar við sögðum frá því á laugardagskvöldið að við ætluðum að taka okkur frí til að grilla, heyrðum við það að við ættum það vel skilið, enda búnir að vera að allan daginn. Tækjabúnaður stóð sig vel, nema að spennugjafi GC gaf sig. Loftnet komu mjög vel út, enda árangurinn samkvæmt því.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem komu, tóku þátt í þessu, fyrir ánægjulega helgi.

Þá vil ég einnig færa þakkir okkar til Siglingastofnunar Íslands svo og Sigurði Pálssyni, bónda og vitaverði á Baugsstöðum.

Á næsta ári verður Vitahelgin 19. til 20. ágúst og mikið væri gaman ef fleiri sæju sér mögulegt að taka þátt í þessu, kannski við gætum mannað 2 vita.

73 de TF3AO

# Úr ýmsum áttum

## JOTA 16 - 17 október 1999

Helgina 16 til 17 október næstkomandi verður hið árlega JOTA hjá Radíóskátum um allan heim. Að venju munu íslenskir Radíóskátar taka þátt í þessu alheimsskátamóti í loftinu. Að þessu sinni stefnum við á að notfæra okkur þá aðstöðu sem við settum upp á Úlfjótsvatni fyrir landsmótið í sumar og dvelja þar þessa helgi í góðra vina hóp. Allir amatörar eru velkomnir í heimsókn og hafi einhverjir áhuga á að vera með hluta af tímanum eða allan tímann eru þeir hinir sömu hvattir til að hafa samband við félagsforingja Radíóskáta Konráð Þórisson, TF3KET, [konth@skima.is](mailto:konth@skima.is).

## Radíóskátar hittast vikulega á Snorrabraut 60 á mánudagskvöldum

### Hell fréttir

Alltaf fjölgar þeim löndum sem Hell merki heyrast frá. Nú eru þau 52 og þegar þú lest þetta hafa sjálfsagt nokkur bæst við. Í "The Hell Callbook" á netinu eru nú skráðir 426 amatörar og margir fleiri eru virkir. Í síðasta blaði af CQ TF nefndi ég vinsælt forrit sem IZ8BLY skrifaði. Hjá sumum Windows 95 notendum hafa ekki allar vémyndirnar komið fram á skjánum. Þetta reyndist vera Microsoft vandamál og þeir sem þurfa geta sótt skrána 401comupd.exe á <http://www.microsoft.com/msdownload/ieplatform/ie/comctrl.asp>. Þegar skráin er keyrð endurbætir hún Windows 95 og þar með er vandinn leystur. Margt spennandi er að gerast á þessu sviði svo sem Slowfeld tilraunir og PSK-Hell, en meira um það seinna.

73 de TF5SJ/LA0BX

### FOXHUNT - REFAVEIÐAR á 40 m

Til að efla cw leiknina og auðvelda fyrstu skrefin í loftinu væri ekki úr vegi að taka þátt í alheimsrefaveiðum sem fara fram á 7040 kHz. Hægt er að taka þátt sem einstaklingur eða taka þátt í einhverri grúppu. Ég er sem dæmi nýlega orðinn þáttakandi í grúppu sem kallar sig "Blue J's" Skilyrðið til að komast í þá grúppu var að heita nafni sem byrjar á J og hafa kallmerki hvers seinni hluti byrjar á J. Allar upplýsingar má finna á eftirfarandi vefsíðu:

<http://www.acs.oakland.edu/~prvalko/foxhunt.htm>

Kveðja de TF3JA

### Taplítið spólulím.

Verðið ykkur úti um litla glerflösku og fyllið hana að ¾ með acetone. Troðið í flöskuna eins miklu af pökkunarhnetum (Sem notaðar eru sem höggdeyfar fyrir brothætta hluti í kössum). Látið þetta vera í flöskunni í u.þ.b. viku til að allar hneturnar leysist upp. Útkoman verður lím með mjög litlu RF tapi.

Heimild Hrafnkell.

### K7UGA

Amatörradíóstöð hins vel þekkta Barry Goldwater, K7UGA, sem lest 29 maí 1998, hefur verið gefin Arizona Historical Society þar sem stöðin verður til sýnis. Ekki er gert ráð fyrir því að stöðin verði í starfhæfu ástandi þar sem loftnetabúgarðurinn hefur verið tekin niður og seldur.

Heimild ARRL

### Smíðagamanið

Í vor fórum við af stað með tilraun til smíðagamans. Tilraunin tókst vel að því leysi að verkefnið komst í gang. En nú er komið að því að hefjast handa að nýju eftir sumarleyfin og hef ég sem einvaldur félagsins í þessu máli ákveðið að fimmtudaginn 23. september hefjist smíðin að nýju í félagsheimilinu. Við Bjarni Magnússon munum yta þessu aftur í gang. Við byrjum með því að halda áfram við lyklarasmíðina og smásendiviðtækið og mikill áhugi er á að smíða síðan ferðalofnetsaðlag (já þetta er ekki prentvilla aðlag er gott orð alla vega betra en "tjúner" eða "aðlögunareining"). En okkur vantar samstarfsfólk og auglýsum því hér með eftir tveimur amatörum til að mynda með okkur kvartett. Þetta er allt saman sjálfbóðaliðastarf og því nauðsynlegt að hafa hóp í gangi til að ekki falli úr dagur ef einhver er upptekinn.

ps. athugið að hið besta mál er að tilnefna aðra en sjálfa sig í hópinn.

73 de TF3JA

# Radíóskátar á landsmóti skáta í júlí '99



Að ofan vinstri: Richard Gaskell var alvanur í að aðstoða krakkana við að setja saman vindmillubarmmerkið enda hefur hann aðstoðað breska skáta við slíkt í nokkur ár. Hægri: Hluti þeirra radíóskáta sem lögðu hönd á plóginn: Konráð Þórisson, Atli B. Backmann, Sveinbjörn Jónsson, Rúnar Þór Valdimarsson; Haukur Konráðsson, Páll Arnar Georgsson, Vala Dröfn Hauksdóttir. Að neðan vinstri: Gífurleg vinna var við að koma upp loftnetum. Þarna eru HP og KET að brasa við að koma beaminu áleiðis til himna. Hægri: Mikki aðstoðar ungan skáta við að lóða öryggisnæluna á barmmerkið. Myndir TF3VD

Næsta CQ TF kemur út í byrjun desember 1999 og þarf efni að hafa borist ritstjóra fyrir 15 nóvember 1999



# CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

**YAESU**

**ZEUS TÖLVUR**

**NETT EHF**

**Furuvöllum 13**

**Akureyri**